

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/277****2025/EES/59/11****frá 12. febrúar 2025****um leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 sem fóðuraukefni
fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í í flokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „aukefni í votfóður“.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst í álit sínu frá 26. júní 2024 ⁽²⁾ að þeirri niðurstöðu að *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 og samsetta aukefnið sé örugg fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Að því er varðar öryggi notenda komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að aukefnið ætti að teljast hugsanlegur húð- og öndunarferanæmir, að öll váhrif um húð og öndunarveg séu talin áhætta og að sýnt hafi verið fram á að ein blanda sé hvorki húð- né augnertandi. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að viðbót *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 í lágmarksstyrk sem nemur 1×10^8 CFU/kg fersks plöntuefnis geti bætt framleiðslu votfóðurs úr öllu fersku plöntuefni með því að auka varðveislu næringarefna. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í föðri sem tilvísunar-rannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að blandan með *Loigolactobacillus coryniformis* DSM 34345 uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun blöndunnar. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/277, 13.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu*. 2024 22, e8904.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VÍÐAUKI

Kenninúmer föðuraufkefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
Flokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: aukefni í votfóður					CFU/kg fersks efnis			
1k21801	<i>Loigolactobacillus coryniformis</i> DSM 34345	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda með <i>Loigolactobacillus coryniformis</i> DSM 34345 sem inniheldur að lágmarki 2 × 10 ¹¹ CFU/g aukefnis Fast form <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur <i>Loigolactobacillus coryniformis</i> DSM 34345 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda <i>Loigolactobacillus coryniformis</i> DSM 34345 í föðuraukefninu: — Dreifingaraðferð (eða áhellingaraðferð) með MRS-agar – EN 15787 Samgreining á <i>Loigolactobacillus coryniformis</i> DSM 34345 — Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) — CEN/TS 17697 eða DNA-raðgreining	Allar dýrategundir	-	-	-	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndum skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóðum: 1 × 10 ⁸ CFU/kg fersks efnis. 3. Pólýetýlenglykól (PEG 4000) skal, ef það er notað sem frostvarnarefni, notað upp að hámarksstyrk sem nemur 0,025 mg/kg votfóðurs. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur föðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. húð-, augn- og öndunarvör, við notkun á aukefninu og forblöndunum.	5. mars 2035

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunnarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.